

Morgunblaðið/Júlíus

● Verðlaunahafar eftir útnefningu Íþróttamanns ársins að Hótel Loftleiðum í gær. Aftari röð frá vinstri: Erla Björk Guðjónsdóttir, unnusta Guðmundar Torfasonar, Eiður Guðjohnsen, faðir Arnórs Guðjohnsen, Úlfar Jónsson og Pálmar Sigurðsson. Fremri röð frá vinstri: Ellý Guðmundsdóttir, systir Péturs Guðmundssonar, Ragnheiður Runólfsdóttir, Eðvarð Þór Eðvarðsson, Guðmundur Guðmundsson og Arndís Aradóttir, systir Kristjáns Arasonar. Á myndina vantar Bjarna Friðriksson.

Mesti heiður sem mér hefur hlotnast

– sagði Eðvarð Þór eftir að hafa verið útnefndur Íþróttamaður ársins 1986

„ÞETTA er mesti heiður sem mér hefur hlotnast á ferlinum," sagði Eðvarð Þór Eðvarðsson, 19 ára sundmaður frá Njarðvík, eftir að hafa tekið á móti hinum veglegu verðlaunum sem fylgja sæmdarheitinu Íþróttamaður ársins 1986. Eðvarð hlaut 68 atkvæði af 70 mögulegum í kjöri sem Samtök Íþróttafréttamanna og Volvo stóðu fyrir að Hótel Loftleiðum í gær.

„Það er mér mikil hvatning að hljóta þennan titil, sem kemur til með að hvetja mig enn frekar til dáða. Ég tel mig þó ekki eiga þennan titil einn, án þjálfara míns, Friðriks Guðmundssonar, væri ég ekki hér í dag. Hann á 50 prósent þátt í þessu. Hann hefur nú þjálfað mig í 10 ár, vaknað með mér kl. 5 og 6 á morgnana og drifið mig með sér á æfingar. Foreldrar mínir hafa einnig stutt vel við bakið á mér," sagði Eðvarð.

Eðvarð hefur sett 97 Íslandsmet

Eðvarð hefur sett 97 Íslandsmet á ferli sínum í sveina-, drengja-, pilta- og karlaflokki. Hann var aðeins 14 ára er hann setti Íslandsmet í karlaflokki og hefur engum öðrum sundmanni tekist að leika það eftir.

Æfir fjóra til sex tíma á dag

En hvað þarf Eðvarð að æfa mikið til að ná þessum frábæra árangri. „Það fer geysilega mikill tími í þetta og lítill tími fyrir annað. Ég æfi alla daga vikunnar fjóra til sjö tíma í senn."

Eðvarð stundar nám í Fjölbrautarskóla Suðurnesja og er þar á þriðja ári. Hvernig tekst honum að samræma skólann og námið? „Það hefur tekist þokkalega hingað til, allavega hefur sundið ekki skemmt neitt fyrir. Það þarf bara að skipuleggja tímann vel þá er þetta hægt."

Setti Norðurlandamet sem stendur enn

– Hvað er eftirminnilegasta mótið á síðasta ári?

„Heimsmeistaramótð í Madrid á Spáni í sumar er mér efst í huga. Þar náði ég fimmta sæti í undanrásum í 200 m baksundi og setti Norðurlandamet sem stendur enn. Svo náði ég að verða í þriðja sæti á Evrópubikarmótinu í Malmö í haust."

Markmiðið að komast á Ólympíuleikana

– Verður þú aldrei þreyttur á þessum þrotlausu æfingum?

„Jú, en það varir aldrei lengi, þetta er svo skemmtilegt þegar árangurinn fer að verða áþreifanlegur. Ég hef sett mér það markmið að komast á næstu Ólympíuleika. Ég hef náð lágmörkunum Ólympíunefndar í baksundinu, en ég ætla mér að bæta þau enn frekar. Ég tel mig eiga mikið eftir enn. Það dugar ekkert annað en æfa og æfa til að árangur náist."

– Er sundaðstaðan góð í Njarðvík?

„Sundlaugin í Njarðvík er full lítil, ekki nema 12,5 metrar, en ég æfi alltaf á kvöldin upp á Keflavíkurflugvelli, þar er 25 metra laug og kemur það sér vel."

Baksundið verður alltaf mín sérgrein

– Nú átt þú ekki eingöngu Íslandsmet í þinni sérgrein, baksundi, heldur í bringu-, flug- og fjórsundi. Ertu að fara meira inná aðrar sundgreinar?

„Nei, baksundið verður alltaf mín sérgrein. Ég geri þetta meira til að hvetja aðra. Þetta er líka ágætt þegar ég er í erfiðu æfingaplani eins og núna."

– Hvaða stórmót eru framundan hjá þér?

„Ég tek þátt í Golden Cup mótinu sem fram fer í Frakklandi í lok þessa mánaðar, en stærsta mótið verður Evrópumótið sem fram fer í Strassburg í sumar."

15. besti í heiminum í 200 m baksundi

Eðvarð er eini íslenski sundmaðurinn sem skipar sæti á heimsafrekalista, Norðurlandamet hans í 200 metra baksundi er 15. besti tími í heiminum. Hann á 31 gildandi Íslandsmet, þar af 15 í karlaflokki, í öllum greinum sunds.„ Hann er glæsilegur fulltrúi íslenskrar íþróttaæsku og íþrótt sinni til sóma í hvívetna," eins og Samúel Örn Erlingsson, formaður Samtaka Íþróttafréttamanna, komst að orði í hófinu í gær.

Vajo

Íþróttamaður ársins:

KJÖR Íþróttamanns ársins á vegum Samtaka Íþróttafréttamanna fór fram í 31. sinn í gær. Vilhjálmur Einarsson hlaut þennan eftirsótta heiður í fyrsta sinn árið 1956.

Eftirtaldir hafa hreppt hnossið frá upphafi:

1956: Vilhjálmur Einarsson
1957: Vilhjálmur Einarsson
1958: Vilhjálmur Einarsson
1959: Valbjörn Þorláksson
1960: Vilhjálmur Einarsson
1961: Vilhjálmur Einarsson
1962: Guðmundur Gíslason
1963: Jón Þ. Ólafsson
1964: Sigríður Sigurðardóttir
1965: Valbjörn Þorláksson
1966: Kolbeinn Pálsson
1967: Guðmundur Hermannsson
1968: Geir Hallsteinsson
1969: Guðmundur Gíslason
1970: Erlendur Valdimarsson
1971: Hjalti Einarsson
1972: Guðjón Guðmundsson
1973: Guðni Kjartansson
1974: Ásgeir Sigurvinsson
1975: Jóhannes Eðvaldsson
1976: Hreinn Halldórsson
1977: Hreinn Halldórsson
1978: Skúli Óskarsson
1979: Hreinn Halldórsson
1980: Skúli Óskarsson
1981: Jón Páll Sigmarsson
1982: Óskar Jakobsson
1983: Einar Vilhjálmsson
1984: Ásgeir Sigurvinsson
1985: Einar Vilhjálmsson
1986: Eðvarð Þór Eðarðsson